

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður Guðni Hjörtur Guðnason sæti 15 mánaða fangelsi. Hann er og sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærður Guðni Einarsson sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærður Halldór Elías Halldórsson greiði kr. 800.00 í sekt í rikissjóð innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar 40 daga varðhald, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma.

Hinir ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum, Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni, kr. 750.00 í málsvarnarlaun, að $\frac{1}{3}$ hluta hver. Allan annan sakarkostnað greiði ákærður Guðni Hjörtur Guðnason að $\frac{4}{9}$ hlutum, ákærður Guðni Einarsson að $\frac{1}{3}$ og ákærður Halldór Elías Halldórsson að $\frac{2}{9}$ hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1945.

Nr. 81/1944. **Réttvísing og valdstjórnin**

(cand. jur. Hermann Jónasson)

gegn

Þorvaldi Jónassyni (Garðar Þorsteinsson).

Skjalafals. Þjófnaðarákæra. Brot gegn húsaleigulögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málalokum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun

skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, fyrrverandi forsætisráðherra Hermanns Jónassonar og hæstaréttarlögmanns Garðars Þorsteinssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. maí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 24. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1118/1944: Réttvísing og valdstjórnin gegn Þorvaldi Jónassyni, sem tekið var til dóms hinn 16. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Jónassyni verkamanni til heimilis í Hátúni 9 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, húsaleigulögum nr. 106 8. september 1941 með viðaukum og húsaleigulögum nr. 39 7. apríl 1943.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. október 1906 að Hlíð í Kirkjuhvammshreppi. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1924 $2\frac{3}{4}$ Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 250. gr. hegningarlaganna.
- 1926 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna.
- 1931 $2\frac{7}{8}$ Sátt í Reykjavík, 20. kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
- 1931 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 125 kr. sekt og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.
- 1932 % Sátt í Reykjavík, 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengis-sölu.
- 1935 $1\frac{9}{10}$ Dómur í Hafnarfirði, 90 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, 20 kr. skaðabætur og svipting ökuskipteinis ævilangt fyrir brot gegn 231. gr., 4. lið, hegningarlaganna, sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928 og 4. og 5. gr. laga nr. 70 1931, sbr. 21. gr. laga nr. 33 1935.
- 1936 % Dómur í Hafnarfirði, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 15. sbr. 33. gr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{2}$ 1936.
- 1938 $2\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs betrunarhússvinna fyrir brot gegn 271. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 19. maí 1943, var bú ákærða tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Sökum þess að eigi var vitað nema samkomulag næðist um niðurfellingu gjaldþrotaskipta, að því er skilja verður af bréfi skiptaráðanda, dróst að senda lögregluréttinum skiptaúrskurðinn þar til 15. nóv. s. l. Hinn 9. febrúar s. l. hófst hin lögboðna lögregluréttarrannsókn um gjaldþrotið. Eigi er upplýst, að ákærði hafi gerzt sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið. Inn í gjaldþrotarrannsóknina hafa dregið rannsóknir um nokkur atriði, þar sem ákærði var hafður fyrir sökum um refsiverða verknaði. Verða nú atriði þessi rakin hvert fyrir sig.

I.

Mánudaginn 17. ágúst 1942 kærði Kristján Sigurmundsson kaupmaður, Grundarstig 11, yfir því, að þann dag frá kl. 10—15 hefði verið stolið 2150 krónum úr íbúð sinni. Hóf rannsóknarlögreglan þegar rannsókn málsins, og beindist strax grunur að ákærða um að vera valdur að þjófnaðinum. Réttarrannsókn hófst 19. s. m., og var ákærði í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar frá þeim degi til 8. september s. á. Kristján skýrði svo frá, að hann hefði verið að spila aðfaranótt 17. ágúst og ekkert sofið, og um morguninn hefði hann verið undir áhrifum áfengis. Þegar hann kom heim um morguninn, lét hann 2000 kr. í 100 króna seðlum í skúffu í stofuskáp sínum og læsti honum síðan og lét lykilinn í vasa sinn. Nú komu til hans stúlkur úr brjóstsykurgerð, er hann á, til að fá hjá honum lykla, en ekki komu þær inn í íbúðina. Kristján fór út með þeim og gaf þeim kaffi, en læsti íbúðinni á meðan. Í þessari ferð hitti hann ákærða, og fóru þeir saman heim til Kristjáns. Ákærði bað Kristján að lána sér 500 krónur til gólf dúkakaupa, og gerði Kristján það. Kristján gaf ákærða að bragða áfengi. Áður en ákærði fór, lét Kristján veski sitt inn í sama skápinn og 2000 krónurnar voru í, og telur hann ákærða hafa séð það, en hann telur ákærða ekki hafa séð 2000 krónurnar, því að þær voru geymdar í sérstakri smáskúffu. Kristján man, að í veskinu voru þrjár 50 króna seðlar, en kveður jafnframt, að vera kunnir, að í veskinu hafi verið meiri peningar, jafnvel nokkur hundruð krónur.

Þegar þeir höfðu talað saman, bað Kristján ákærða að fara, því að hann ætlaði að leggja sig. Ákærði gerði það, en snéri við og sagði Kristjáni að loka vel hjá sér, því að hann (ákærði) vissi, að Kristján ætlaði að fara að sofa. Síðan fór ákærði. Kristján læsti nú stofunni og lét lykilinn standa í að innan. Síðan aðgætti hann, hvort eldhúsdýrnar væru læstar, og var svo, en lykill var þar ekki í skránni. Inn í íbúðina lágu eigi fleiri dyr, en svefnerbergi Kristjáns var á milli eldhússins og stofunnar. Þurfti því að ganga gegnum það til að komast úr eldhúsinu í stofuna. Kristján háttaði nú og lagði fót sin á borð í herberginu. Síðan sofnaði hann og vaknaði eigi fyrr en klukkan um 15. Þá ætlaði hann að grípa

til peninganna, en þeir voru þá horfnir, bæði 2000 krónurnar og a. m. k. 150 krónur úr veskinu. Eigi verður annað séð af rannsókn málsins en að lykillinn að skápnum, sem peningarnir voru geymdir í, hafi verið í fötum Kristjáns. Segir Kristján hann hafa verið kyrran í veski sínu, þegar hann vaknaði, og hlýtur það að hafa verið annað veski en það, sem peningarnir voru í og læst var inni í skápnum, sem lykillinn gekk að. Þegar hann vaknaði, voru eldhúsdyrnar opnar. Ákærði hefur eindregið neitað að hafa tekið peningana. Aðfaranótt mánudagsins spilaði hann peningaspil á Laugavegi 11, og klukkan að ganga 9 um morguninn voru þeir þrír eftir við spilinn, ákærði, Bjarni Bjarnason, sjómáður, og Franz Benediktsson, veitingamaður. Þá var ákærði orðinn peningalaus og fór niður í bæ og ætlaði að hætta að spila. Þar hitti hann Kristján Sigurmundsson og fór með honum heim til hans og fékk hjá honum að láni 500 krónur til gólfdukakaupanna og einnig veitti Kristján honum vínlogg í glasi. Peningana tók Kristján úr veski sínu, og sá ákærði, að hann átti a. m. k. annað eins eftir í því af peningum. Síðan kveðst hann hafa farið frá Kristjáni án þess að sjá, hvað hann gerði af veskinu, og án þess að tala við hann um lokun íbúðarinnar. Hefði Kristján þá verið byrjaður að afklæðast og sagzt ætla að fara að sofa.

Ákærði fór nú með 500 krónurnar á Laugaveg 11 og hélt áfram að spila við þá Bjarna og Franz, en tapaði þeim öllum og auk þess 125 krónum, og skuldaði bankanum þær. Franz hélt bankann og lofaði að biða, meðan ákærði sækta meiri peninga. Ákærði fór þá heim til Kristjáns í þeim tilgangi að fá hjá honum peningalán til spilanna. Hann bankaði þar á stofuhurðina, en eigi var anað. Fór þá ákærði við svo búið, án þess að hafa komið að eldhúsdyrnum. Kveðst ákærði nú hafa farið heim til sín og tekið þær 800 krónur, sem kona hans geymdi, og sem voru allir þeir peningar, er þau áttu, og farið með þær á Laugaveg 11. Greiddi hann þá í bankann þær 125 krónur, er hann skuldaði. Síðan græddi hann 75 kr., að hann telur. Bauð hann svo í allan bankann eftir að hafa talið, að í honum voru 725 eða 740 krónur, og lagði á borðið nákvæmlega sömu upphæð og var í bankanum og átti þá eftir 15 krónur. Þetta spil vann ákærði. Síðan var haldið áfram að spila, og átti ákærði um 800 kr., þegar hætt var. Kveðst hann hafa fengið konu sinni 200 kr. af þeim peningum, þegar hann kom heim.

Vitnin Bjarni og Franz bera hið sama og ákærði um spilamenskuna fram að því, að hann greiddi 125 króna skuldina við bankann. Bjarna minnir, að 400 krónur væru í bankanum, eftir að ákærði greiddi þessa skuld sína. Síðan kveður hann nokkur spil hafa verið spiluð, þar til 740 krónur voru í bankanum. Bauð ákærði þá í allt, sem í bankanum var, og taldi fram á borðið nákvæmlega 800 kr., að mestu í stórum seðlum, og er Bjarni alveg

viss um upphæðina. Hann sat hjá ákærða og sá í veski hans, að hann átti þar eftir nokkra 100 kr. seðla. Vann ákærði spilið og þar með allt, sem í bankanum var. Þar sem Franz hélt bankann, var það fé, sem bættist í bankann frá því ákærði greiddi skuld sína og þar til í hann voru komnar 740 krónur, frá þeim ákærða og Bjarna, en Bjarni ber, að hann telji, að ekki hafi verið nema litill hluti þess frá sér.

Franz skýrir svo frá, að eftir að ákærði greiddi bankanum 125 króna skuldina, hafi þeir spilað um stund, og hafi ákærði og Bjarni tapað, þar til komnar voru rúmar 700 kr. í bankann. Þá taldi ákærði fram á borðið nákvæmlega 800 krónur og bauð í það, sem í bankanum var, og vann það. Eftir það spiluðu þeir um stund, og valt á ýmsu.

Eiginkona ákærða hefur borið, að þau hjón hafi átt 800 krónur geymdar í skáp heima á þessum tíma og að ákærði hafi komið snöggvast heim fyrir hádegi þenna mánudag. Ekki vissi hún, hvort hann tók peningana, en þeir voru ekki í skápnum, er rannsóknarlögreglan aðgætti það þriðjudaginn 18. ágúst 1942. Eiginkona ákærða ber, að hann hafi, er hann kom á mánudagskvöldið eða næsta morgun, afhent sér 50 krónur, en eigi 200 eins og ákærði ber.

Kristján Sigurmundsson telur, að tekin hafi verið frá sér að ófrjálsum whiskyflaska um sama leyti og peningarnir. Hún var læst inni í skáp, en lykill að honum var læstur í sömu hirzlu og peningarnir voru í. Upplýst er, að ákærði kom með áfengi á Laugaveg 11. Þegar hann greiddi 125 króna skuldina, en hann kveður það hafa verið koniak í venjulegri hálfflösku, sem hann hafi átt heima hjá sér. Franz sá hann ekki með áfengi, en Bjarni bragðaði á því og sá, að það var í pela. Fann hann, að það var sterkt vín, en getur ekki fullyrt, hvort það var whisky eða einhver önnur tegund.

Allir höfðu þeir, ákærði, Bjarni og Franz, neytt áfengis um nóttina.

Framburðir þeirra Bjarna og Franz um peningaeign ákærða, er hann kom á Laugaveg 11 og greiddi 125 króna skuldina, eru mjög ákveðnir og samhljóða um, að hann hafi þá verið með mun meiri peninga en ákærði hefur fullyrt, að hann hafi haft. Eins skapar framburður Kristjáns, ferð ákærða heim til hans, þegar hann hitti þar engan, og fleiri málsatvik líkur gegn ákærða. Þó þykja líkur þessar eigi nógu sterkar til sakfellingar, og verður því niðurstaðan sú um þenna lið málsins, að ákærði verður sýknaður af að hafa framið þjófnaðinn.

II.

Þriðjudaginn 1. júní 1943 tilkynnti Einar Eiríksson, veitingamaður í veitingastofunni Hvoll hér í bæ, rannsóknarlögreglunni, að framinn hefði verið þjófnaður í veitingastofunni þá fyrir nokk-

urri stundu. Veitingastofa þessi er í húsinu Hafnarstræti 15, og er aðalinngangurinn í hana úr Hafnarstræti. Bakdyrainngangur er norðan í húsið, og ganga gestir að einhverju leyti þar um. Inn úr bakdyraforstofunni er lítið skrifstofuherbergi, sem veitingamaðurinn notar.

Þenna morgun kom Einar veitingamaður um kl. 7 í veitingastofuna. Hann þurfti að greiða starfsfólki sínu kaup þenna dag og bjóst við að þurfa að greiða ýmsa reikninga, sem bærust, og þess vegna hafði hann með sér um 10 þúsund krónur. Peninga þessa geymdi hann í veski, sem hann hafði í skjalatösku, sem var smellt aftur og auðvelt að opna. Töskuna hengdi hann á nagla á skrifstofuþilinu. Auk hinna innlendu peninga, sem voru í veskinu, voru þar um 20 enskir pundsseðlar, nokkrir bandarískir dollaraseðlar og þrjár tékkávisanir. Einar var ýmist í skrifstofunni eða veitingastofunni frá því hann kom um morguninn og þar til þjófnaðurinn var framinn. Hann skýrir svo frá, að enginn hafi komið til sín í skrifstofuna þenna morgun nema ákærði, og hefur ekkert komið fram, er hnekki þeim framburði. Það er ágreiningslaust, að ákærði kom inn í skrifstofuna til Einars þenna morgun, dvaldi þar stundarkorn hjá honum, og var erindi hans þangað að greiða 50 króna skuld, er hann stóð í við Einar, og gerði hann það. Kveðst Einar hafa tekið upp veskið úr töskunni og látið 50 króna seðilinn, sem ákærði greiddi honum, niður í það. Lét hann síðan veskið aftur í töskuna og smellti henni aftur. Kveður Einar auðséð hafa verið, að miklir peningar voru í veskinu, og einnig segir hann ákærða hafa séð það opið. Ákærði minnst þess ekki að hafa séð Einar með veskið, en minnir, að Einar legði 50 króna seðilinn á borð í skrifstofunni, en á því hafi verið miklir peningar, bæði seðlar og mynt. Ákærði og Einar eru ekki á sama máli um, hvenær um morguninn ákærði kom til Einars. Einar telur klukkuna hafa verið langt gengna 10 eða nálægt því, og hafi hann því verið farið inn úr skrifstofunni nokkrum tíma áður en Einar fór að síma, sem brátt verður frá skýrt. Ákærði kveðst aftur á móti hafa farið rakleitt úr skrifstofunni inn í veitingasalinn til að síma, og var hann að tala í símann, þegar Einar kom þar að honum. Einar mun hafa farið að símanum klukkan á seinni tímanum í eitt, og kemur það ekki vel heim við eina skýrslu ákærða um, að hann hafi komið til Einars fyrir hádegi. En hvernig sem þessu hefur verið háttað, er það víst, að ákærði notaði símann, sem er við austurvegg veitingasalsins, í hádegismatartímanum, meðan fullt var af gestum í salnum og útvarp þar í fullum gangi. Meðan ákærði var að nota símann, kom Einar þar að honum og þurfti sjálfur að nota símann. Hann beið, meðan ákærði lauk við að nota símann. Hefur Einar borið, að hann hafi farið að síma, strax og ákærði hætti að nota símann, og hafi hann (Einar) verið að síma í ca 4—5 mín-

útur. Hann man, að ákærði gekk frá honum, og minnir fastlega, að hann hafi gengið frá sér, þegar hann hafði náð sambandi í símann. Horfði Einar á hann ganga áleiðis til norðurdyranna, þar til hann hvarf honum. Ákærði kveðst hins vegar hafa staðið hjá Einari nokkra stund, meðan hann talaði í símann, en þá gengið frá honum rակleitt út um suðurdyr veitingastofunnar út í Hafnarstræti. Rekast þessir framburðir mjög á, því að frá símanum séð, getur engum vafa verið bundið, hvort maður fer út um suðurdyr eða áleiðis til norðurdyranna. Engin vitni önnur en Einar hafa komið fram um þetta atriði. Strax og Einar hafði lokið að síma, gekk hann til skrifstofunnar. Sá hann þá, að brotízt hafði verið inn í skrifstofuna, sem var læst með smekklás, þannig að brotin hafði verið frá fjöl, sem var lauslega negld á hurðina, og síðan seilzt gegnum opið til smekklássins og hann opnaður. Þegar í skrifstofuna kom, sá hann að veskið, sem í töskunni var, var horfið með öllu, sem í því var. Tilkynnti hann þá rannsóknarlög-reglunni, hvernig komið var.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi, þegar hann fór út úr veitingastofunni, farið í búðir og keypt nokkurn varning, farið síðan með hann inn í veitingastofuna og keypt sér mat. Hafi hann þá verið einn og dvalízt skamma stund inni. Vitnið Þorbjörg Samsonardóttir, sem var frammistöðustúlka í veitingahúsinu í þessum miðdagstíma og fram til klukkan 3 um daginn, hefur borið, að henni sé ákærði, sem hún kannaðist við, minnisstæður í sambandi við þjófnað þenna, því að Einar hafi sagt henni samdægurs, að hann grunaði hann. Kveðst hún telja sér óhætt að fullyrða, að ákærði hafi ekki borðað í veitingastofunni þar til hún hætti þar vinnu þenna dag. Vitnaskýrsla var tekin af Þorbjörgu hinn 17. apríl s. l., eða tæpum 11 mánuðum eftir atburðinn, og hlýtur það að veikja gildi vitnisburðarins. Sama er að nokkru leyti að segja um framburð Einars, hvað ákærða snertir. Skýrsla hans varðandi ákærða kemur fyrst fram í rétti 20. marz s. l.

Skömmu eftir að þjófnaðurinn var framinn, spilaði ákærði peningaspil við nokkra menn hér í bænum. Hafa sumir þeirra borið, að þeir hafi við spilin séð ákærða með mikla peninga, svo þúsundum króna skipti.

Ákærði, sem ætíð hefur neitað að hafa framið þjófnaðinn, hefur haldið því fram, að hann hafi um þetta leyti haft undir höndum talsverðar fjárhæðir, er voru greidd húsaleiga frá Hátúni 9, og getur sú staðhæfing haft við rök að styðjast. Í spilamennsku þessari hafði ákærði nokkra pundsseðla og dollaraseðla. Ákærði hefur gert þá grein fyrir peningum þessum, að hann hafi fengið 7 dollara (5 í öðrum framburði) hjá vélstjóra eða stýrimanni á erlendu skipi, sem hann vann í fyrir vélsmiðjuna Hamar. Tvo dollara fékk hann hjá manni einum hér í bænum, og er það staðfest af mann-

inum. 12 sterlingspund kveðst hann hafa keypt á benzinsölu-planum hér í bænum af þremur sér með öllu óþekktum enskum sjómönnum, en 2 pund kveðst hann hafa átt fyrir. Kveðst ákærði hafa keypt pundin til þess að hafa þau með sér, ef hann sigldi til Englands, en þangað ætlaði hann sér. Í hinni upphaflegu skýrslu sinni um þetta segir ákærði, að sjómennirnir hafi beðið sig að kaupa pundin, því að bifreiðarstjórinn, sem þeir voru að reyna að kaupa áfengi af, vildi ekki selja áfengi nema fyrir íslenzka peninga. Í síðari skýrslu kveðst ákærði ekki vita, hvort sjómennirnir hefðu falað áfengi af bifreiðarstjóranum, en þeir hafi spurt sig, hvort hann gæti ekki útvegað þeim áfengi, en hann sagzt ekki geta það. Ákærði kveðst hafa verið að koma frá vinnu sinni, þegar hann hitti sjómenn þessa af tilviljun á planinu. Auk þess sem ákærði er eigi sjálfum sér samkvæmur um þetta atriði, eru skýrslur hans um, hvernig hann hafi komizt yfir hina erlendu peninga, tortryggilegar og ósannaðar og a. m. k. skýrslan um pundin ósannanleg, þar sem ákærði greinir engin deili á viðkomandi manni.

Um það leyti, er þjófnaðurinn var framinn, var verið að byggja Hátún 9. Sú bygging er á nafni Guðmundar Rafnars Einarssonar, 18 ára gamals stjúpsonar ákærða, en ákærði sá mjög um fjárreiður byggingarinnar. Má telja upplýst, að ákærða hafi verið knýjandi fjárþörf til byggingarinnar, þegar þjófnaðurinn var framinn.

Eins og málavextir þeir, er nú hafa verið raktir, sýna, eru verulegar líkur til þess, að ákærði hafi framið þjófnaðinn. Þó þykja þær eigi svo óyggjandi, að unnt sé að byggja sakfellingardóm á þeim gegn eindreginni neitun ákærða. Verður því að sýkna hann af þessum þætti ákærunnar.

III.

Mánudagskvöldið 10. nóvember s. l. fór Kristján Gíslason, sjómaður, Lindargötu 26, ölvaður heim til ákærða og var með áfengi með sér, og í vasa innan á jakkanum hafði hann sjóferðabók og í henni ca 640 krónur í peningum. Heima hjá ákærða drukku þeir ákærði og Kristján nokkuð af áfenginu, og þar gaf Kristján barni ákærða 15 krónur. Þegar Kristján kom heim um kvöldið, var sjóferðabókin með peningunum horfin úr vasa hans. Hann veit ekki, hvernig hann hefur misst hana, en grunar ákærða um töku hennar. Þessu hefur ákærði eindregið neitað, og er alls ósannað, að hann sé sekur um þetta. Án þess að þörf þyki að rekja málavexti nánar um þetta atriði ákærunnar, ber að sýkna ákærða af því.

IV.

Síðara hluta árs 1942 vann Pétur Hjartarson, Háteigsvegi 15, að múrhúðun hússins Hátún 9, og höfðu ákærði og kona hans

ráðið hann til þess verks. Hann hætti við verk þetta áður en það var fullgert og kveðst hafa gert það sökum vanskila á greiðslu verkalaunanna. Af hálfu Sveinasambands byggingamanna var vinna Péturs við húsið metin á kr. 1868.37. Pétur heldur því fram, að hann hafi fengið greiddar kr. 600.00 upp í kaup sitt 21. október 1942, en meira ekki, og að hann hafi undirritað kvittun fyrir þessari upphæð. Ákærði heldur því hins vegar fram, að hann hafi greitt Pétri kr. 1600.00 nefndan dag og Pétur kvittað fyrir þeirri upphæð. Pétur reyndi að innheimta eftirstöðvar vinnulaunanna hjá ákærða, en þegar þær tilraunir reyndust árangurslausar, fól hann Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni innheimtuna. Hefur hæstaréttarlögmaðurinn borið sem vitni, að Pétur hafi sagt sér, að hann hefði með herkjubrögðum fengið greiddar kr. 600.00 af skuldinni og alls ekki meira. Hæstaréttarlögmaðurinn stefndi nú til greiðslu skuldarinnar fjárhaldsmanni Guðmundar Rafnars Einarssonar, stjúpsonar ákærða, en stjúpsonurinn er talinn eigandi hússins. Í því dómsmáli var lögð fram af stefnds hálfu kvittun fyrir kr. 1600.00, undirrituð af Pétri, og er í henni upphæðin 1600.00 bæði í tölustöfum og bókstöfum. Er skjal þetta merkt réttarskjal nr. 10 í prófum málsins. Heldur Pétur því fram, að skjalinu hafi verið breytt frá því hann undirritaði það, þannig, að úr 600 hafi verið gerð 1600 bæði í tölustöfum og bókstöfum, en þessu neitar ákærði eindregið og fullyrðir, að Pétur hafi undirritað skjalið eins og það sé, enda hafi hann fengið greiddar kr. 1600.00.

Pétur skýrir svo frá, að hann hafi nokkru fyrir 21. október 1942 krafið ákærða um 600 krónur af kaupi sínu. Dráttur varð á greiðslunni, og bar ákærði fyrir sig, að hann hefði eigi komizt í banka og annað þess háttar. Morguninn 21. október hittust þeir, og greiddi ákærði Pétri þar í herbergi einu kr. 500.00 í hundraðkrónaseðlum, en sagðist ætla að fá kr. 100.00 hjá stjúpsyni sínum til að greiða Pétri til viðbótar. Þegar ákærði hafði greitt 500 krónurnar, ritaði hann kvittunina, rskj. nr. 10, og hljóðaði hún um 600 krónur bæði í bókstöfum og tölustöfum, og ritaði Pétur nafn sitt undir skjalið. Ákærði hélt skjalinu, og sá Pétur það eigi fyrr en eftir að það hafði verið lagt fram í dómsmálinu. Rétt áður en Pétur hætti vinnu þennan sama dag, voru honum greiddar í kjallara hússins 100 krónur. Hann man ekki, hvort ákærði eða stjúpsonur hans gerði það, en minnir þó frekar, að það væri hinn siðarnefndi.

Eftir að ákærði hafði neitað að hafa breytt skjalinu og sagt sína sögu um tilorðningu þess, sem brátt verður rakin, og hann og Pétur höfðu verið samprófaðir um málið, án þess að neitt samræmi næðist um það, sem á milli bar, staðfesti Pétur framburð sinn með eiði.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ritað kvittunina, rskj. nr. 10, í eldhúsinu á Hátúni 9, eins og hún nú sé. Hann hafi ætlað að greiða Pétri 1600 krónur og enga upphæð aðra og ritað kvittunina viðstöðulaust og án nokkurra leiðréttinga eða lagfæringa. Örfáum mínútum eftir að hann hafði ritað kvittunina, kom Pétur í eldhúsið, og taldi ákærði honum þá út 1600 krónur í 100 króna seðlum, og undirritaði Pétur þá kvittunina. Hélt síðan ákærði kvittuninni, þar til hann afhenti fjárráðamanni stjúpsonar síns hana í þeim tilgangi að nota hana í dómsmálinu út af skuldaþrófu Péturs. Ákærði hefur borið, að hann hafi aldrei beðið stjúpson sinn að færa Pétri eða greiða honum 100 krónur eða neina aðra fjárhæð og kveðst vera öldungis viss um þetta. Um þetta hefur stjúpsonurinn verið leiddur sem vitni, og ber hann, að ákærði hafi eitt sinn, meðan Pétur var að vinna við húsið, beðið sig að færa honum 100 krónur. Sagði hann, að þessa peninga þyrfti að greiða Pétri, og ætlaði stjúpsonurinn að taka þá af sínum peningum, en af þessu varð þó aldrei og greiddi hann Pétri aldrei neina peninga né neinum öðrum, í því skyni að greiðslan gengi til Péturs. Ákærði hefur borið, að eiginkona sín, Svanhildur Sigurðardóttir, hafi verið nærstödd, er greiðslan til Péturs fór fram, og hefur hún því verið leidd sem vitni. Fyrst var hún leidd sem vitni sama dag og ákærði var úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna rannsóknarinnar og eftir úrskurðinn. Bar hún þá, að hún gæti ekkert um það sagt, hvaða greiðslu Pétur hafi fengið, en hún hafi einu sinni séð ákærða og Pétur með peninga milli sín, annaðhvort í stofunni eða eldhúsinu, en ekki sé henni ljóst, hve miklir þeir voru. Ekki kveðst hún þó muna eftir neinni kvittun eða skriftum í sambandi við þetta. Um viku síðar óskar konan að mæta í málinu, og ber hún þá, að eitt sinn hafi hún verið á stjái heima hjá sér, þegar ákærði og Pétur voru þar staddir saman í eldhúsinu, að hún telur sér óhætt að fullyrða. Hún heyrði ekki, hvað þeirra fór á milli, en áleit, að ákærði væri að greiða Pétri peninga, og sá, að ákærði var með mikla peninga í hundraðkrónaseðlum og taldi seðla fram á borðið. Ekki getur hún um það sagt, hvort hann taldi alla seðlana út. Síðan fór Pétur. Þegar hann var að fara og hafði lagt aftur hurðina milli ytri og innri forstofunnar, sýndi ákærði henni skjal með nafni Péturs undir. Sá hún á því greindar með tölustöfum kr. 1600.00 og minnir, að sú tala væri einnig rituð bókstöfum, en er ekki eins viss um það og tölustafina. Þegar henni var sýnt rskj. nr. 10, kvaðst hún ekki betur sjá en að það væri sama skjalið og kvaðst þekkja töluna 1600 á því.

Pétur Hjartarson leigði húsnæði hjá Snorra Laxdal lögregluþjóni í á annað ár fram til 18. okt. s. l. Þeir þekktust nokkuð og töluðust oft við, meðal annars um viðskipti Péturs og ákærða. Hefur Snorri borið, að Pétur hafi látið illa af innheimtu kaups síns. Í fyrra-

vetur, öðru hvoru megin við jólin, að hann minnir, sagði Pétur honum, að hann hefði fengið 600 krónur hjá ákærða af kaupinu og hrósaði hann happi yfir að hafa þó fengið þá upphæð greidda. Hefur hann sagt Snorra, að hann hafi eigi fengið meira greitt hjá ákærða. Að þessu hefur Snorri unnið eið.

Pétur er kunnugur hjónunum Ágústu Jónasdóttur og Guðmundi Gíslasyni sjómanni, Bræðraborgarstig 14, og hefur oft heimsótt þau og bjó hjá þeim um tíma í haust. Hafa þau bæði borið, að Pétur hafi sagt þeim frá vinnu sinni hjá ákærða og að sér gengi illa að fá kaup sitt greitt, en að hann hefði þó fengið greiddar kr. 600.00 af því. Ber Guðmundur, að hann hafi sagt þetta einhverntíma fyrir nýliðinn vetur, en Ágústu minnir, að hann hafi sagt þetta s. l. sumar eða haust. Guðmundur ber, að innheimta þessi hafi oft borizt í tal milli sin og Péturs, og hafi Pétur aldrei sagt hafa fengið meira greitt af kaupi sínu en 600 krónurnar. Þenna framburð sinn hefur Guðmundur staðfest með eiði.

Undir rannsókn málsins voru Guðmundur Í. Guðjónsson, skriftarkennari við Hinn almenna menntaskóla, Kennaraskólann og Miðbæjarbarnaskólann, og Helgi Hjörvar, skrifstofustjóri útvarpsráðs, útnefndir til að athuga rskj. nr. 10 og láta uppi álit sitt um, hvort þeir teldu skjalinu hafa verið breytt frá hinni upphaflegu ritun, sérstaklega peningaupphæðinni, bæði í tölustöfum og bókstöfum, og ef þeir telja svo vera, þá hvort breytingin sé gerð með annarri rithönd en upphaflega var á skjalinu. Skoðunarmenn þessir hafa látið uppi skriflega álitssgerð um skjalið og staðfest hana, og er hún á þessa leið: „Sakadómari hefur útnefnt okkur undirritaða til þess að athuga kvittun, skrifaða á reikningseyðublað til handa Þorvaldi Jónassyni frá Pétri Hjartarsyni, dags. 21. okt. 1942. Skjalið er merkt sem réttarskjal nr. 10 í lögreglu-rétti Reykjavíkur, 15. febrúar þ. á. Okkur er falið að láta uppi álit okkar um það, hvort skjali þessu hafi verið breytt frá hinni upphaflegu ritun, sérstaklega peningaupphæðinni.

Við höfum athugað skjal þetta eftir beztu getu, rithöndina á því og skriftina yfirleitt frá hverju því sjónarmiði, sem þýðingu virðist geta haft, þar á meðal vandlega í smásjá í ýmsum stækku-num, og er álit okkar það, sem hér segir:

Ein og sama rithönd virðist vera á allri kvittuninni, nema undirskriftinni, hún virðist öll skrifuð með sama bleki og sama penna. Hafi henni verið breytt, virðist það helzt hafa verið gert þegar eftir að hún var skrifuð, eða um leið, og með sama penna og sama bleki. Við höfum ekki getað séð nein merki þess á pappírnum, að skafið hafi verið út né pappírinn orðið fyrir sérstökum áhrifum af kemiskum efnun.

Með því að okkur er kunnugt, að sá einn grunur sé um breytingu á skjali þessu, að „600“ (í tölustöfum) og „sex hundruð“ (í

bókstöfum) hafi verið breytt í „1600“ og „sextánhundruð“, þá höfum við einskorðað athugun okkar við þetta.

Tölustafurinn „1“ í 1600 virðist sitja eðlilega og hafa eðlilega afstöðu til hinna stafanna í tölunni. Nokkur munur virðist á blekstyrkleika í þeim staf og hinum, sem á eftir koma, en svipaður munur kemur víðar fyrir, með því að blekið virðist hafa verið korgað og eitthvað í því af anilíni. Þessi tölustafur virðist okkur enga bendingu gefa til né frá um það, hvort þessari tölu hafi verið breytt eða ekki breytt.

Talan „sextánhundruð“ í bókstöfum virðist hins vegar athuga-verð, og kemur þá þetta til greina:

Bil á milli orða í þessari skrift eru yfirleitt löng, og þó regluleg í samanburði við aðra festu í rithöndinni. Sé litið svo á, að fyrst hafi verið skrifað „sex hundruð“, í tveimur orðum, verður bilið mjög líkt því, sem annars staðar er í skriftinni. Hér er þó þess að gæta, að erfitt er að segja, hversu eðlilega „x“ er skrifað, þar sem við höfum engan samanburð um þann staf né afstöðu hans til annarra stafa í þessari rithönd. Enn fremur getum við þess, að við höfum ekki fengið næg sýnishorn til þess að komast að raun um, hvort þeim manni, sem þessa rithönd á, er það yfirleitt tamt að rita „tvö hundruð“, „þrjú hundruð“ o. s. frv. í tveimur orðum, en þau sýnishorn, sem við höfum fengið, benda þó fremur til þess.

Orðhlutinn „tán“ situr óeðlilega þröngt og brýtur, að því er virðist, í bág við rithöndina að öðru leyti, þó að hún sé ekki föst og beri yfirleitt vott um litla æfingu; risið á þessum stöfum, einkum „n“ gæti bent til, að þessi orðhluti væri skrifaður sérstaklega; líka það, hve þröngt er um stafina, en það er ólíkt því, sem rithöndin er annars; einkum kemur þetta fram á „n“ og stöðu þess.

„Stafurinn „h“ í . . . hundrað virðist nær efalaust vera dreginn sem fyrsti stafur í sjálfstæðu orði; aðdráttur þessa stafs (h) er mjög sérkennilegur fyrir rithöndina; stafurinn, og einkum aðdrátturinn (byrjunardrátturinn), virðist gerður hiklaust og án umhugsunar; það er talsvert ólíklegt, að þessi dráttur hefði verið dreginn svona frjálst og hiklaust, ef „n“-ið hefði þá verið á pappirnum, og drátturinn þá dreginn ofan í það; svipaður samdráttur á stöfum kemur hvergi fyrir annars í þeim sýnishornum rithand- arinnar, sem við höfum séð.

Það virðist okkur höfuðatriði í þessu efni, hvernig þessir stafir (n og h) koma saman; höfum við því athugað þetta sem bezt við kunnung og einkum beint smásjárathugunum að þessum stað. Virðist okkur, og teljum það nær efalaust, að „n“ hafi ekki verið skrifað fyrr en á eftir „h“ og eftir að aðdráttarleggurinn á „h“ var orðinn þurr eða farinn að þorna; virðist „n“ hafa verið

skrifað hægt; blekið er í mesta lagi, og svo bendir form stafsins á hið sama; lögunin bendir og til þess, að stafurinn sé skrifaður í þröng, sem ritarinn gerir sér grein fyrir, og kemur fram glöggur rismunur á þessum staf og öðrum sambærilegum stöfum (n og m) annars staðar í skjalinu og þeim sýnishornum af rithöndinni, sem við höfum séð. Við teljum nær útilokað, að þess sæjust ekki merki í smásjá, að penninn hefði tekið með sér upp á við ofurlítið af bleki úr hinum feita boga á „n“, ef hann hefði verið dreginn yfir stafinn blautan eins hiklaust upp á við og aðdrátturinn á „h“ virðist dreginn.

Kemur þá til álíta, hvort talan kunni að hafa verið leiðrétt um leið og skrifað var, þannig að „n“ hefði fyrst fallið úr, en síðan verið bætt við samtundis. Móti því mælir það, að við höfum ekki getað séð í smásjá nein merki þess að „n“ sé skrifað út af fyrir sig, heldur virðist okkur með engu móti verða annað séð en að „á“ og „n“ séu dregin í einu og hafi þornað jafnt; svo verða og ekki greind nein samskeyti milli „t“ og „á“. Hins vegar eru engin samtensl „x“ og „t“, og óeðlileg tensl, eins og lýst hefur verið, milli „n“ og „h“.

Við viljum geta þess sérstaklega, að okkur hefur borið algerlega saman um hvert atriði í þessari athugun og ekki greint á um neitt. Álit þetta höfum við gert eftir beztu vitund, og erum að sjálfsgöðu viðbúnir að staðfesta það með eiði.

Hafa nú verið raktir málavextir varðandi ákærana um, að ákærði hafi falsað kvittunina, rskj. nr. 10. Segja má, að neitun ákærða um að hafa framið verknað þenna, hljóti nokkurn stuðning í framburði eiginkonu hans, en bæði er sá framburður í sjálfu sér veigalitill og að nokkru leyti innbyrðis ósamhljóða, og eins rýra hin nánú tensl konunnar og ákærða mjög gildi hans. Hins vegar eru hinir eiðfestu framburðir vitnanna, Péturs, Snorra og Guðmundar, og framburður Ágústú, og loks rskj. nr. 10 sjálft og álitgerð skoðunarmanna, sem eigi þykir ástæða til að rekja hér í einstökum atriðum, þar sem hún er greind hér að framan í heild og er hin gleggsta. Af öllu þessu og með hliðsjón af fyrri brotaferli ákærða þykir nægilega sannað, að hann hafi falsað rskj. nr. 10 þannig, að hann hafi breytt tölunni „600.00“ í „1600.00“ og orðunum „sex hundruð“ í „sextánhundruð“. Með því að afhenda skjalið þannig breytt í þeim tilgangi að það yrði notað sem sönnunargagn í dómsmáli, hefur ákærði brotið 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

V.

Á árinu 1941 var byrjað að reisa húsið Hátún 9, sem áður nefndur stjúpsonur ákærða er talinn eigandi að. Nokkuð af húsi þessu hefur verið leigt, og hefur ákærði séð um leiguna. Einn

þeirra, er leigt hafa í húsi þessu, Bogi Gísli Ísleifur Einarsson, stýrimaður, hefur kært yfir þeim viðskiptum sínum við ákærða. Viðskipti þessi voru þannig, að Bogi samdi við ákærða um að taka á leigu íbúð, 2 herbergi og eldhús, í kjallara hússins til tveggja ára frá 10. júní 1943 til jafnlengdar 1945 og greiða alla leiguna fyrirfram. Segja Bogi og kona hans, að umsamin leiga hafi verið kr. 425 á mánuði eða kr. 10200.00 fyrir 2 árin, og að ekki hafi verið á það minnzt, þegar samið var um leiguna, að gjald þetta væri annað en leiga. Um þetta var gerður skriflegur samningur, sem Bogi undirritaði og fjárráðamaður stjúpsonar ákærða, og er leigan þar talin kr. 200.00 á mánuði, en ákærði gaf Boga kvittun fyrir kr. 5400.00 af hinni umsömdu og greiddu heildarupphæð, og var sú greiðsla talin vera upp í gamla skuld, en það átti sér enga stoð í veruleikanum. Bogi heldur því fram, að ákærði hafi sagzt ekki mega hafa leiguupphæðina hærri en kr. 200.00 á mánuði í samningnum, en sökum þess, að Bogi krafðist kvittunar fyrir hinum hluta upphæðarinnar, hafi þeim komið saman um að telja hann greiðslu gamallar skuldar.

Ákærði viðurkennir, að Bogi hafi greitt alls kr. 10200.00 vegna húsnæðisins, en þar af hafi einungis kr. 4800 verið leiga, þ. e. a. s. kr. 200.00 á mánuði í 2 ár, hitt, kr. 5400.00, hafi verið þóknun til sín fyrir að útvega húsnæðið. Eigi verður þó festur trúnaður á þessari staðhæfingu ákærða gegn framburðum Boga og konu hans, og verður að ganga út frá, að öll greiðsla Boga hafi verið leiga. Leigumáli þessi var ekki lagður fyrir húsaleigunefnd, og mat hefur eigi farið fram á hinu leigða húsnæði. Hefur ákærði, sem raunverulega sá um leigu húsnæðisins, brotið 11. sbr. 17. gr. laga um húsaleigu nr. 39 7. apríl 1943.

Með samningi, dagsettum 6. október 1942, tók Þórður Matthías Hjartarson verkamaður á leigu húsnæði, eina stofu, eldunarpláss og geymslu, allt í kjallara, í Hátúni 9 og samdi við ákærða um það, og kom ákærði fram gagnvart honum sem umráðamaður hússins. Það var þó stjúpsonur ákærða, sem undirritaði samninginn sem leigusali. Leigutíminn var 19½ mánuður, þ. e. a. s. frá 1. október 1942 til 14. maí 1944. Fullyrðir Þórður, að umsamin leiga hafi verið kr. 200.00 á mánuði, og greiddi hann alla leiguna fyrirfram, alls kr. 3900.00. Í samningnum er leigan talin kr. 100.00 á mánuði og sögð greidd fyrirfram fyrir leigutímann, og ber Þórður, að ákærði hafi sagzt ekki geta kvittað fyrir hærri leigu. Aftur á móti er sérkvittun fyrir húsaleigu, kr. 1950.00, er Þórður hafi greitt ákærða 7. október 1942.

Ákærði ber, að leigan hafi einungis verið kr. 100.00 á mánuði, en hin upphæðin, kr. 1950.00, hafi verið þóknun til sín fyrir að útvega húsnæðið. Um þetta er hið sama að segja og um húsaleigu Boga. Verður að telja leigu Þórðar hafa verið kr. 200.00 á mánuði

og frásögn ákærða um þóknunina til sín vífilengjur einar. Leigumáli þessi var eigi lagður fyrir húsaleigunefnd. Þórður fluttist brátt úr húsnæðinu, og tók þá við því Skarphéðinn Kristjánsson. Hinn 25. september s. l. mat húsaleigunefnd hæfilega grunnleigu húsnæðisins kr. 70.00 á mánuði.

Með skiptum sínum við Þórð hefur ákærði brotið 6. sbr. 11. gr. laga um húsaleigu, nr. 106 8. september 1941, sbr. nú 11. sbr. 17. gr. húsaleigulaga nr. 39 7. apríl 1943.

Skömmu fyrir 14. maí 1943 sömdu ákærði og Helgi Vigfússon blikksmiður, Leifsgötu 18, um að ákærði leigði syni Helga íbúð, 2 herbergi og eldhús, á hæðinni í Hátúni 9. Ákærði sagði Helga, að stjúpsonur sinn ætti húsið, og fjárhaldsmaður hans undirritaði samninginn um húsnæðið, en ákærði samdi um leiguna, tók við henni og endurgreiddi hana síðar, eins og brátt verður að vikið. Heldur Helgi því fram, að samið hafi verið til hálfis annars árs og leiga ákveðin kr. 450.00 á mánuði, og hann greiddi ákærða í fyrirframleigu kr. 8000.00. Ákærða minnir, að samið væri til tveggja ára og þessi leiguupphæð væri fyrir þann tíma, en getur þó ekki fullyrt þetta. Eigi varð úr því, að sonur Helga flyttist í húsnæðið, og gengu samningar þessir til baka og ákærði endurgreiddi alla leiguupphæðina. Leigumálinn var eigi lagður fyrir húsaleigunefnd, og hvort sem frásögn Helga eða ákærða um leigutímann er rétt, hefur ákærði í þessu tilfelli brotið 11. sbr. 17. gr. húsaleigulaga nr. 39 7. apríl 1943.

VI.

Er nú sú niðurstaða fengin, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 155. gr., 1. mgr., hegningarlaga og áðurnefndar greinar húsaleigulöggjafarinnar. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og fyrri brotaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaga ber að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 15. febrúar til 19. apríl s. l., en skilyrði eru eigi fyrir því, að láta það koma til frádráttar refsingunni samkvæmt 76. gr. hegningarlaga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Garðars Þorsteinsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1945.

Nr. 37/1944. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Ágústi Eiríkssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius).

Skaðabótamál vegna líkamsmeiðsla.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1944. Krefst hann aðallega algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1944. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37343.54 með 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1942 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, má á það fallast, að aðaláfrýjanda beri að bæta gagnáfrýjanda tjón hans af slysi því, er í málinu getur. Rétt þykir að hækka 2. kröfulið, atvinnutjónið, í kr. 8000.00 og 4. kröfulið, þjáningabætur o. fl., í kr. 4000.00. Hækkar þannig fjár-